



Kennsluáætlun

Áfangi:	FÉLA3MA05 - Mannfræði
Kennari:	Hermann Hermannsson
Önn:	Haustönn 2023
Áætlun unnin:	16. ágúst, 2023

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- fjórskiptingu mannfræðinnar
- sögu mannfræðinnar sem fræðigreinar
- rannsóknum erlendra og íslenskra mannfræðinga hérlandis og erlendis
- sértækum hugtökum mannfræðinnar
- sérstöðu mannfræðinnar og skyldleika hennar við aðrar greinar félagsvísinda
- nokkrum fjarlægum og nálægum menningarheimum

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- leggja gagnrýnið mat á þróunarhugtakið bæði hvað varðar líffræðilega og menningarlega þróun
- beita aðferðarfræði mannfræðinga
- skoða fjarlæg og nálæg samfélög í gegnum kenningarglæraugu mannfræðinnar
- afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- miðla skýrt og skilmerkilega fræðilegu efni í ræðu og riti

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat
- sýna frumkvæði að raunhæfum lausnum
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýnninn hátt
- beita afstæðishyggju í umræðum um menningarleg málefni og þekki til takmarkana hennar

sem metið er með:

Leiðsagnarmati

Námsefni:

Vefútgáfa af bókinni Mannfræði fyrir byrjendur eftir Gunnar Þór Jóhannesson og Þórð Kristinsson
(<https://mannfraedi.vefbok.forlagid.is>) auk efnis frá kennara, svo

	sem: glærur, bókakaflar, greinar, internetið, útvarpsþættir, hlaðvörp, heimildarmyndir og kvikmyndir, ofl.
Námsmat:	
74%	Unnin eru verkefni upp úr hverjum kafla bókarinnar, sem hvert fyrir sig tekur um tvær vikur. Verkefnunum er skilað inn tvisvar og gilda fyrri skil 25% af heildareinkunn fyrir hvert verkefni.
21%	Verkefnin gilda 10% hvert um sig, fyrir utan verkefni 1 sem gildir aðeins 4%.
5%	Þá eiga nemendur að skila inn leiðarbók/glósum úr hverjum kafla fyrir sig (köflum 2-8) fyrir tíma á miðvikudegi í fyrri viku yfirferðar. Hver leiðarbók gildir 3%.
	Mæting, þátttaka og ástundun getur loks orðið nemendum til hækkunar. Hjá fjarnemum gildir hversu vel samskipti við kennara ganga fyrir sig og hversu duglegir þeir eru að spyrja út í efnið og ræða.
	Fjarnemar vinna öll sömu verkefni einslega og er útfærsla skila þeirra tilgreind hverju sinni, lúti þau öðrum reglum. Ekki er gefið að öll verkefni gildi til einkunnar.

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Námsmat skiptist upp í ofangreind verkefni sem hafa mismunandi nálgun, en þau byggja öll á hugsunarhætti mannfræðinnar.
Notast verður við fjölbreytt námsefni úr ýmsum áttum, bæði ritað og myndefni.
Farið er eftir Chicago heimildaskráningarkerfinu og ætlast til þess að nemendur skrái allar þær heimildir er þeir styðjast við upp eftir kúnstarinnar reglum, með tilvísunum þegar við á og skrái þær rétt í heimildaskrá.
Á mánudagsmorgni fyrri viku umfjöllunar um hvern kafla leggur kennari verkefni inn og fer yfir það með nemendum til hvers er ætlast í hverju verkefni fyrir sig. Nemendur skila inn verkefnum sínum til yfirferðar í hverri viku.
Fyrir tíma á miðvikudögum í fyrri viku umfjöllunar þurfa nemendur að hafa lokið við lestur kaflans og skila inn leiðarbók um efni hans. Í lok fyrri viku skila nemendur svo fyrri skilum á verkefni þess kafla.
Í tímum í stundatöflu er ýmist lagt upp með verkefnavinnu eða umræður.
Um skilafrest og vanskil:
Skilakassi á Moodle lokar kl. 23:59 á föstudögum og ekki er gefinn frestur á verkefnaskilum eftir það. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinkun á verkefnaskilum í undantekningartilfellum.
Vikuskema:

Mánudagar: 10:30-11:20
 Þriðjudagar: 10:30-11:20
 Miðvikudagar: 12:45-13:35
 Fimmtudagar: 14:35-15:25
 Föstudagar:

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
33. vika 13.-19. ágúst 14. sept. Stundatöflubirting 17. sept. Fyrsti kennsludagur	17. ágúst - fyrsti kennsludagur Kynning Kynning á fyrirkomulagi og efni áfanga Hvað gera mannfræðingar?	fyrri skil á verkefni 1
34. vika 20.-26. ágúst	Kafli 1 – Hvað er mannfræði?	Umræður og seinni skil á verkefni 1
35. vika 27. ág. – 2. sept. 28. ágúst. Töflubreytingum lýkur. 1. sept. Úrsögn úr áfanga lýkur	Kafli 2 – Tegundin	Umræður og fyrri skil á verkefni 2
36. vika 3. – 9. sept.	Kafli 2 – Tegundin	Seinni skil á verkefni 2
37. vika 10. – 16. sept.	Kennari verður fjarverandi en kennsla fellur ekki niður Kafli 3 – Etnógrafían	Umræður og fyrri skil á verkefni 3
38. vika 17. – 23. sept. 18. – 21. sept. Framhaldsdeild í FSN. 22. sept. Námsmatsdagur	Kafli 3 – Etnógrafían	Seinni skil á verkefni 3
39. vika 24. – 30. sept. 25. sept. Námsmatsdagur	Kafli 4 – Fjölskylda	Umræður og fyrri skil á verkefni 4
40. vika 1. – 7. okt.	Kafli 4 – Fjölskylda	Seinni skil á verkefni 4
41. vika 8. – 14. okt. 9. okt. Valtímabil hefst	Kafli 5 – Hópamyndun	Umræður og fyrri skil á verkefni 5

42. vika 15. - 21. okt. 21. okt. Fyrsti vetrardagur	Kafli 5 – Hópamyndun	Seinni skil á verkefni 5
43. vika 22. – 28. okt. 23. – 26. okt. Framhaldsdeild í FSN. 27. okt. Námsmatsdagur	Kafli 6 – Trú og tákn	Umræður og fyrri skil á verkefni 6
44. vika 29. okt. – 4. nóv. 30. okt. Námsmatsdagur 31. okt. Haustfrí	Haustfrí	Haustfrí
45. vika 5. – 11. nóv.	Kafli 6 – Trú og tákn	Seinni skil á verkefni 6
46. vika 12. – 18. nóv. 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu	Kafli 7 – Stjórnsmál, landamæri og fólksflutningar	Umræður og fyrri skil á verkefni 7
47. vika 19. – 25. nóv.	Kafli 7 – Stjórnsmál, landamæri og fólksflutningar	Seinni skil á verkefni 7
48. vika 26. nóv. – 2. des.	Kafli 8 – Til sölu	Umræður og fyrri skil á verkefni 8
49. vika 3. – 9. des. 4. – 7. des. Framhaldsdeild í FSN.	Kafli 8 – Til sölu Lokaverkefnisvika	Seinni skil á verkefni 8
50. vika 10. – 16. des. 14. des. Síðasti kennsludagur 15. des. Námsmats	Námsmat	
51. vika 17. – 23. des.	Námsmat 20. desember - Útskrift	

Birt með fyrirvara um breytingar

